

Upplýsingar til fjarnemenda

Hér að neðan eru mikilvægar upplýsingar um fjarnám í FAS.

Í upphafi annar verður sendur út greiðsluseðill vegna innheimtu skólagjalda sem eru að hámarki 30.000 krónur. Þar af eru 6.000 kr. skráningargjald og 12.000 kr. fjarnámsgjald fyrir fyrsta áfanga og 12.000 kr. fyrir annan áfanga. Skólagjöld eru ekki endurgreidd.

Hér að neðan eru leiðbeiningar um það hvar þú ferð inn á **Innu**, sem er upplýsingavefur framhaldsskóla. Í Innu getur þú séð yfirlit yfir áfanga sem hafa verið skráðir á þig á önninni. Skoðuðu vandlega val þitt í Innu og athugaðu hvort allt sé þar rétt og í samræmi við óskir þínar. Einhverjar breytingar kunna að verða á skráningu í áfanga ef forsendur breytast. Nemendur geta breytt áfangaskráningu til 26. ágúst í samráði við umsjónarkennara. **Vakin er sérstök athygli á því að áfangaskráning nemenda verður ekki frágengin fyrir en stundatafla birtist í Innu um miðjan ágúst.**

Rafræn samskipti fara fram í gegnum Office 365. Allir nemendur FAS hafa aðgang að Office pakkanum og hann er notaður í **allri** vinnu nemenda við skólann. Í þeim pakka er tölvupóstur í Outlook, ritvinnsla í Word, töflureiknir í Excel og fleira. Nemendur fá FAS-netfang og munu kennarar **eingöngu** nota það í samskiptum við nemendur. Einnig er gagnageymslusvæðið OneDrive og ætlast er til að nemendur geymi gögnin sín tengd náminu í því. Upplýsingar um [uppsetningu á Office pakkanum](#) er að finna á vef skólans.

Kennarar nota Kennsluvef til að setja inn gögn, útdeila verkefnum og gefa einkunnir. Opnað verður fyrir áfanga á Kennsluvef í síðasta lagi fyrsta kennsludag þann 21. ágúst. Í fjarnámsáföngum eru almennt til staðar kennslumyndbönd um lykilatriði námsefnisins. Kennsluvefurinn er á www.kennsluvefur.is og er slóðina einnig að finna á vef skólans.

Til að komast inn á Innu smellir þú á island.is. Þar er notast við rafræn skilríki eða íslykil til innskráningar. Hægt er að tengja Innu og Office 365. Notendanafn inn á Office 365 og Kennsluvef er kennitala@fas.is, nánari leiðbeiningar um innskráningu eru hér fyrir neðan:

[Leiðbeiningar um innskráningu á Innu](#)

[Leiðbeiningar um innskráningu á Office 365](#)

[Leiðbeiningar um innskráningu á Kennsluvef](#)

Í flestum áföngum er námsmappa sem nemendur fá sniðmát af í upphafi annar. Í henni á nemandinn að gera grein fyrir vinnu sinni, setja inn glósur og styttri verkefni, tilgreina fjölda tíma og ígrunda námsefnið. Námsmappan er aðalgagnið í lokmatsviðtali.

Í FAS eru áfangar án lokaprófs en í stað þess fara nemendur í lokamat sem fer fram með viðtali í lok annar. Gerð er krafa um að fjarnemendur mæti á þrjá myndfundi með kennara á önninni. Fundarboðið kemur á FAS-netfangið þitt. Vettvangur er fyrir fjarnemendur til að hafa samskipti við kennara og upplýsingar um hann eru á Kennsluvef.

Kennsluáætlanir er að finna á vef skólans. Þar er umfjöllun um skipulag náms og námsefni tilgreint. Mikilvægt er að nemendur kynni sér vel kennsluáætlanir.

Umsjónarkennari þinn er Lind Völundardóttir. Netfang hennar er lind@fas.is. Ef þú lendir í erfiðleikum með að komast inn á Innu eða Kennsluvef hafðu þá samband við hana.

Leiðbeiningar um Innu, Kennsluvef og Office pakkann

Þú ferð inn á www.fas.is Þú ferð aðeins neðar á síðuna og sérð þennan borða:

